

## REGLUGERÐ

### um (7.) breytingu á reglugerð nr. 630/2014 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði.

#### 1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, svohljóðandi:  
k. pípuorgel.

#### 2. gr.

Í stað 28. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur nýr töluliður, svohljóðandi:

28) *færanlegur vélbúnaður til nota utan vega, sem eingöngu er fæanlegur til nota í atvinnuskyni:* vélbúnaður með innbyggðan aflgjafa eða með viðnámsdrifi sem er knúið ytri aflgjafa, sem útheimtir annaðhvort hreyfanleika eða samfelldan, eða því sem næst samfelldan, flutning milli nokkurra fastra vinnustöðva við vinnslu og er eingöngu fæanlegur til nota í atvinnuskyni.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

a. 3. mgr. orðist svo:

Ákvæði 1. mgr. gilda um lækningatæki og tæki til vöktunar og eftirlits, sem eru sett á markað frá 22. júlí 2014, um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem er settur á markað frá 22. júlí 2016, um tæki til vöktunar og eftirlits í iðnaði, sem eru sett á markað frá 22. júlí 2017, og um allan annan raf- og rafeindabúnað sem féll utan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB og sem er settur á markað frá 22. júlí 2019.

b. Á eftir e-lið 4. mgr. kemur nýr stafliður, f, svohljóðandi og breytist röð annarra liða samkvæmt því:

f) öllum öðrum raf- og rafeindabúnaði sem féll utan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB og sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2019.

c. 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um eftirfarandi endurnýtta varahluti að því tilskildu að endurnýtingin fari fram í endurskoðunarhæfu, lokuðu skilakerfi fyrir viðskipti milli fyrirtækja og að endurnýting varahluta sé tilkynnt neytandanum:

a) endurnýtta úr raf- og rafeindabúnaði, sem er settur á markað fyrir 1. júlí 2006, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 1. júlí 2016,

b) endurnýtta úr lækningatækjum eða vöktunar- og eftirlitstækjum, sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2014, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2024,

c) endurnýtta úr lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2016, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2026,

d) endurnýtta úr vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2017, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2027,

e) endurnýtta úr öllum öðrum raf- og rafeindabúnaði, sem féll utan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB og sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2019, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2029.

#### 4. gr.

5. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

#### 5. gr.

Í stað 39. liðar í III. viðauka reglugerðarinnar kemur nýr liður svohljóðandi:

39.a	Kadmíumseleníð í niðurskiptanlegum hálfleiðarananókrístalskammtadeplum, sem innihalda kadmíum, til notkunar í skjálýsingarkerfi (< 0,2 µg kadmíums (Cd) á hverja mm <sup>2</sup> af skjásvæði)	Fellur úr gildi fyrir alla flokka 31. október 2019.
------	--	---

## 6. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

1. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1975 frá 7. ágúst 2017 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum í ljósdíóðum með breytilegum litum til notkunar í skjákerfum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2018 frá 9. febrúar 2018.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2102 frá 15. nóvember 2017 um breytingu á tilskipun 2011/65/ESB um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2018 frá 23. mars 2018.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 16. maí 2018.*

F. h. r.

**Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.**

*Kjartan Ingvarsson.*